

## Góðan dag

Helgi Hrafn heiti ég og eins og hefur komið fram er ég annar þáttarstjórnandinn í vefþættinum Helginn. Ég veit ekki hvort þið hafið öll horft á þáttinn, en við erum einfaldlega tveir félagar sem setjumst í sófann og spjöllum saman um allt milli himins og jarðar. Förum í gegnum efni sem við finnum og fáum sent af netinu.

Ég starfa sem forritari hjá hugbúnaðarhúsi norður á Akureyri sem heitir Stefna og félagi minn, Helgi Steinar, er starfsmaður hjá Pedromyndum, ljósmyndabúð, og nú nýlega varð hann verslunarstjóri NOVA.

(glæra)

Meðal þess sem ég ætla að segja frá, er hugmyndin að þættinum, framleiðsluferlið frá upptöku til birtingar, með umfjöllun um tæki og tól, og svo örstutt um framtíðar plönin.

(glæra)

## :: Hugmyndin ::

Við Helgi Steinar erum vinir frá yngri árum og það má segja að þetta byrjaði allt þegar við mönuðum hvorn annan í að blogga einu sinni á dag út árið 2009. Helgi Steinar var í einn mánuð og ég í þrjá.

Svo í sumar sýndi ég Helga Steinar vefþættina Diggnation. Þar sem Kevin Rose, stofnandi Digg.com, og Alex Albrecht sitja einmitt í sófa og spjalla um efni sem kemur á Digg.com.

Út frá þessu fórum við að spá í video bloggi sjálfir og boltinn fór að rúlla. Upphaflega ætluðum við bara að sitja fyrir framan tölvuna, spjalla og taka þetta upp með vefmyndavél. Þar til sameiginlegur félagi okkar, Örlygur Hnefill, ritsjtóri Akureyri.net, hittir á okkur og tengir þetta við Akureyri.net.

Áður en við vitum af erum við mættir í stofuna heima hjá Helga Steinari og farnir að taka upp með alskonar græjum, þráðlausum flugu hljóðnemunum, risa myndavélum, Glidecam og læti. Þetta sama kvöld klipptum við svo þáttinn og stóðum svo fyrir framan tölvuna flissandi eins og algjörar smá stelpur yfir því hvort við ættum virkilega að setja þetta í loftið.

En einmitt í þessum fyrsta þætti erum við rosalega stífir, hallærislegir og asnalegir. En það var ekki aftur snúið og í dag höfum við komið okkur upp mjög þægilegu ferli og búnaði og erum tilbúnir í allt.

(glæra)

## **:: Frá upptöku til birtingar ::**

Í upphafi þá verður enginn þáttur til nema við séum búnir að safna efni. Til þess notum við Google Docs. Við erum með lénið okkar skráð í Google Apps og erum þá með sér svæði fyrir skjölin okkar. Deilum þeim á milli okkar og svona.

Við skoðum fullt af tengla síðum, b2.is, 69.is, Collegehumor, Digg og svo nöttla innleða og erlenda fréttavefi. Fylgjumst með á Facebook og Twitter.

Við fáum líka sent efni og erum tilbúnir að mæta á mismunandi staði til að taka upp. Við erum einmitt í því að skipuleggja hvar komandi þættir verða teknir upp.

(glæra)

## **:: Tæki og tól ::**

En snúum okkur að tækjum og tólum sem við notum við framleiðsluna. Hvaða vélbúnað erum við að nota í hverjum þætti? og .. hvaða tól erum við að nota?

Í fyrstu þáttunum tókum við upp á DV spólur og létum vélarnar malla við import. Hljóðið var tekið inn á vélina fyrir framan okkur og þetta síðan allt saman unnið eftir á. En þar sem ég hlæ svo hátt urðum við að

skoða hljóðið betur. Við prufuðum að vera með mixer þarna á milli, en ég sprengdi það líka.

Við komumst snemma að því að hljóðið þarf að vera gott. Það nennir enginn að horfa, eða hlusta, á þátt sem er með endalausum skrölti og skruðningum.

Það má segja með hverjum þættinum höfum við verið að prufa nýjar leiðir til að einfalda ferlið frá upptöku til birtingar, og höfum við meðal annars prufað

(glæra)

- Pro myndavélar, eina sem ég þekki er Canon 150 og Canon 100
- Að vera með tvær vélar eða eina vél
- Hljóð beint inn á myndavél
- Hljóð í gegnum mixer
- Hljóðið á sitt hvora rásina
- Glidecam og Canon 5D

Það var ekki fyrr en í fjórða þættinum sem við prufum að taka beint inn á tölvu. Vegna þess að vélin beint fyrir framan okkur sem átti að taka upp hljóð og mynd vildi ekki taka spóluna. Þannig við prufuðum að tengja Firewire og taka þetta í gengum iMovie. Í þessum sama þætti urðum við að taka upp hljóðið á sitt hvora rásina og má heyra í mér til hægri og Helgi Steinar í vinstri.

(glæra)

Í níunda þættinum erum við í fyrsta skiptið aleinir við upptökur. Við tegndum hljóðnema í mixer og hann svo við Macbook, og notðuðu Garageband til að taka upp. Videovélin var hækkuð með spilum og bókum fyrir framan okkur, tengd við annan Makka, þar sem við notuðum iMovie.

(glæra)

Núna erum við með Canon HG20, myndavél með 60GB harðdisk, og losnum þar með við eina tölvu. Tvo clip-on hljóðnema sem eru tengdir við digital mixer með compressor sem eru síðan tengdir við tölvu. Það er hljóðmaður með okkur allan tímann og gengur frá hljóðinu í hráfæl sem við notum við klippingu. Helgi Steinar sér um að klippa þáttinn og enkóða þá til birtingar á netið. Bæði í mp4 fyrir podcast og flv fyrir vefinn.

(glæra)

En snúum okkur að vefnum og hvað við nýtum okkur til að komast á framfarir.

Vefurinn okkar keyrir á Wordpress með alskonar íbótum sem hjálpa okkur að senda efni til dæmis inn á Twitter og Facebook. Við bútum svo þáttinn niður og birtum hann líka á Youtube. Svo erum við með podcastið skráð í **iTunes Store** og **Miro**, þannig fólk getur verið

áskrifendur að þættinum og sótt nýja þætti sjálfvirkt þegar þeir koma út.  
Miro er cross platform, gengur sem sagt á Windows, Linux og Mac.

(glæra)

## :: Framtíðin ::

Áður en við förum yfir í þær hugmyndir sem við höfum fyrir komandi þætti er gott að segja frá því að þeir litlu aurar sem við höfum lagt í þetta telja ekkert á móti þeirri hjálp sem við höfum fengið frá styrktaraðilum. Þeir eru sko ekki af lakari endanum.

Vinnuveitendur okkar, Stefna og Pedromyndir, og svo Carling, NOVA, Carlsberg, Sambíó, Tölvulistinn, Nýherji og Margt smátt. Svo er Mjólkursamsalan tilbúin að vera með okkur og bíður eftir því að komast að. Nói Síríus lét okkur vita og er að hugsa málið.

Þessir þættir hafa nefnilega farið fram úr okkar björtustu vonum, og það miklu fyrr en við bjuggumst við.

Einn besti þátturinn af þessum 10 fyrstu sem við höfum gefið út, er áttundi þátturinn, **Gestur frá Google**. Þá fengum við vin okkar sem vinnur hjá Google í Frankfurt til að sitja með okkur. Sá þáttur var sá tæknilegasti sem við höfum verið með.

En meðal þess sem við stefnum á eru,

- Fleiri gesti
- Þáttur með áhorfendum og tónlist. Höfum þegar rætt við Hvannadalsbærður og þeir eru tilbúnir að vera með okkur. Við erum að vinna að smá óvæntri upptöku í þessum þætti.
- Meira samstarf með styrktaraðilum
  - Mæta í Senu og fjalla um margmiðlunarlausnir þeirra
  - Mæta í MS og fjalla um framleiðsluferli þeirra. (Helgi Hrafn forritaði heimabanka kúabóndans)

Svo viljum við koma af stað framleiðsla á fleiri þáttum. Ekkert endilega nákvæmlega eins og þessum, en vefþættir þar sem fólk getur horft á netinu on-demand. Og byggja svo upp náið samstarf þeirra á milli.

**Þannig núna snýst þetta bara um það hver vill vera memm?**

**Takk fyrir mig.**